

Mótmæla reglugerðum um hækkun greiðslna

Stjórn Geðhjálp samþykkti eftirfarandi ályktun á fundi sínum 7. janúar 2002. "Stjórn Geðhjálpar mótmælir harðlega reglugerðum um lækkun greiðslna almannatrygginga í lyfjakostnaði og læknisþjónustu sem gildi tóku 1. janúar 2002 og valda verulegri útgjaldaaukningu hjá stórum hópi sjúklinga.

Með reglugerðarbreytingunni um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði hækkar hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði um 9-11%. Frá árinu 1996 hefur hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði vaxið úr því að vera um 30% upp í 55-60% af lyfjaverði í dag. Þetta ásamt hækkun komugjalda í heilbrigðisþjónustunni sem margfaldast hefur undanfarin ár leiðir óhjákvæmilega af sér frekari skerðingu hjá þeim tekjulægstu í samfélaginu, öryrkjum, sem enn frekar rýrir lögbundinn rétt þeirra til mannsæmandi lífs.

Geðhjálp kallar heilbrigðisráðherra til ábyrgðar um þessa stefnu og öfugþróun sem er á skjön við stefnu hans um jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu. Sá aukni kostnaður sem velt er yfir á sjúklinga mun leiða til erfiðleika hjá mörgum fjölskyldum og einstaklingum sem þurfa á lyfjum að halda og sækja sér læknisþjónustu.

Geðhjálp skorar á heilbrigðisráðherra að fella úr gildi reglugerðarbreytingar þær sem gildi tóku 1. janúar sl. um hækkun komugjalda í heilbrigðisþjónustunni og aukinni hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði."